

# Ó mín dóttirin hin fríða / Oh, my Beautiful Daughter

for SATB was composed in 2005 for the *North Iceland Chamber Choir*. It was revised in 2010.

## Ó mín dóttirin hin fríða

fyrir SATB var samið fyrir *Kammerkór Norðurlands* (2005) sem frumflutti verkið í Siglufjarðarkirkju. Það var endurskoðað 2010.

Textinn er svohljóðandi:

1. Ó, mín dóttirin hin fríða,  
hversu lengi ætlar þú þér mannlaus að bíða?  
Bíð ég sem aðrar bjóðist mér enginn.  
Viltu eiga fjósmanninn?  
Þá mun þér lengi með gott búið ganga.  
Æ nei, minn faðirinn, aum eru ráð þín.  
Fjósmanninn vil ég ei  
og við honum segi' ég nei.  
Hann þénar undir baulurass  
og ber saman skítahlass.  
Aumt á sú sem þess á að bíða  
að sofa hjá honum fjósmann á síðar.

2. Ó, mín dóttirin hin fríða,  
hversu lengi ætlar þú þér mannlaus að bíða?  
Bíð ég sem aðrar bjóðist mér enginn.  
Viltu eiga fjármanninn?  
Þá mun þér lengi með gott búið ganga.  
Æ nei, minn faðirinn, aum eru ráð þín.  
Fjármanninn vil ég ei  
og við honum segi' ég nei.  
Hann stiklar við stöng  
og styttir sín dægrið löng.  
Aumt á sú sem þess á að bíða  
að sofa hjá honum fjármann á síðar.

3. Ó, mín dóttirin hin fríða,  
hversu lengi ætlar þú þér mannlaus að bíða?  
Bíð ég sem aðrar bjóðist mér enginn.  
Viltu eiga sjómanninn?  
Þá mun þér lengi með gott búið ganga.  
Æ nei, minn faðirinn, aum eru ráð þín.  
Sjómanninn vil ég ei

og við honum segi' ég nei.  
Hann er slrugur um sín bein  
og aldrei kemur í fötin hrein.  
Aumt á sú sem þess á að bíða  
að sofa hjá honum sjómann á síðar.

4. Ó, mín dóttirin hin fríða,  
hversu lengi ætlar þú þér mannlaus að bíða?  
Bíð ég sem aðrar bjóðist mér enginn.  
Viltu eiga kórmanninn?  
Þá mun þér lengi með gott búíð ganga.  
Æ nei, minn faðirinn, aum eru ráð þín.  
Kórmanninn vil ég ei  
og við honum segi' ég nei.  
Hann kyrjar í kór  
og þykist öllum of stór.  
Aumt á sú sem þess á að bíða  
að sofa hjá honum kórmann á síðar.

5. Ó, mín dóttirin hin fríða,  
hversu lengi ætlar þú þér mannlaus að bíða?  
Bíð ég sem aðrar bjóðist mér enginn.  
Viltu eiga prestmanninn?  
Þá mun þér lengi með gott búíð ganga.  
Æ nei, minn faðirinn,  
aum eru ráð þín.  
Prestmanninn vil ég ei  
og við honum segi' ég nei.  
Hann ruslar í blöðunum sínum  
og sinnir ekki ráðunum mínum.  
Aumt á sú sem þess á að bíða  
að sofa hjá honum prestmann á síðar.

6. Ó, mín dóttirin hin fríða,  
hversu lengi ætlar þú þér mannlaus að bíða?  
Bíð ég sem aðrar bjóðist mér enginn.  
Viltu eiga kaupmanninn?  
Þá mun þér lengi með gott búíð ganga.  
Ó já, minn faðirinn, góð eru ráð þín.  
Kaupmanninn vil ég fá  
og við honum segi' ég já.  
Hann siglir um sjá  
og margt fallett á.  
Gott á sú sem þess á að bíða  
að sofa hjá honum kaupmann á síðar.